



**88. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar**  
fimmtudaginn, 8. júlí, 2004, kl. 12:00 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmansson, setti fund og stjórnáði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Atvinnumál.
2. Samgönguáætlun 2005-2008 frá Siglingastofnun.
3. Bréf frá Úrvinnslusjóði.
4. Bréf frá Brunabót - styrktarsjóði.
5. Bréf frá Hafnasambandi sveitarfélaga.
6. Bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.
7. Erindi frá Samkórnum Björk.
8. Fundargerð Héraðsnefndar frá 16. júní s.l.
9. Fundargerð fræðslu.-íþróttu-og tómstundanefndar frá 23. júní s.l.
10. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. **Atvinnumál.**  
*Bæjarstjóri tjáði að tilbúin væri viðskiptaáætlun vegna ráðgjafaþjónustu á sviði matvæla. Samþykkt að bæjarráð fari yfir viðskiptaáætlunina og eigi fund með ráðgjafa um málið í lok júlí.*
2. **Samgönguáætlun 2005-2008 frá Siglingastofnun.**  
*Fram lögð drög að samgönguáætlun 2005 – 2008 til umsagnar. Ljóst er að ekki er gert ráð fyrir smábátaaðstöðu skv. beiðni bæjaryfirvalda á árinu 2008 og leggur bæjarráð til að farið verði í greiningu á þörfum smábátaaðstöðu fyrir gerð næstu samgönguáætlunar. Bæjarráð samþykkir áætlunina eins og hún liggur fyrir og vísar henni til umsagnar í hafnar- og veitunefnd Blönduóssbæjar.*
3. **Bréf frá Úrvinnslusjóði.**  
*Í bréfi Úrvinnslusjóðs er kynnt söfnun og endurnýting á heyrúlluplasti sbr. lög um úrvinnslugjald 162/2002. Samkvæmt lögunum hefur úrvinnslugjald verið lagt á heyrúlluplast og á móttaka á því að hefjast í júlí 2004 en fyrirhugað er að Úrvinnslusjóður greiði fyrir söfnun og endurnýtingu plastsins. Bréfinu fylgir einnig greinargerð og kynning á fyrirkomulagi um málið. Lagt fram til kynningar og vísað til landbúnaðarnefndar.*
4. **Bréf frá Brunabót - styrktarsjóði.**  
*Í bréfi Styrktarsjóðs EBÍ er minnt á að umsóknir um stuðning við þau verkefni sem falla undir sjóðinn skuli senda inn fyrir ágústlok 2004.*



**5. Bréf frá Hafnasambandi sveitarfélaga.**

*Bent er á að í nýsamþykktum lögum frá Alþingi um siglingavernd er gert ráð fyrir að embætti tollstjórans í Reykjavík hafi yfirumsjón með framkvæmd farmverndar vegna útflutnings á vörum frá Íslandi. Lagt fram til kynningar.*

**6. Bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.**

*Samþykktar hafa verið nýjar viðmiðunarreglur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags. Lagt fram til kynningar.*

**7. Erindi frá Samkórnum Björk.**

*Í bréfi frá Samkórnum er farið yfir helstu verkefni kórsins á sl. ári og sótt um fjárstyrk til áframhaldandi starfa. Bæjarráð samþykkir 25.000,- kr. styrk til kórsins og óskar honum velfarnaðar í áframhaldandi starfi.*

**8. Fundargerð Héraðsnefndar frá 16. júní s.l.**

*Fundargerðin er lögð fram til kynningar. Í bréfi framkvæmdastjóra kemur jafnframt fram að Héraðsnefnd hefur falið héraðsráði að ganga til samninga við Höfðahrepp vegna vistunar bókhalds héraðsnefndarinnar.*

**9. Fundargerð fræðslu.-ípróttu-og tómstundanevndar frá 23. júní s.l.**

*Fundargerðin er lögð fram til kynningar.*

**10. Önnur mál voru engin.**

***Fundargerð upplesin og samþykkt.***

***Fundi slitið kl. 13:10 .***

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)